

FUNDARGERÐ 522. FUNDAR STJÓRNAR SORPU bs.

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, mánudaginn 10. nóvember 2025. Fundurinn er settur klukkan 07:30. Fundurinn er staðfundur að Köllunarklettsvegi 1, 104 Reykjavík.

Fundarstjóri: Dóra Björt Guðjónsdóttir.

Fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

Sækja fund: Dóra Björt Guðjónsdóttir, Gunnar Valur Gíslason, Orri Vignir Hlöðversson, Svana Helen Björnsdóttir, Sævar Birgisson, og Valdimar Víðisson.

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri, Gunnar Dofri Ólafsson, sviðsstjóri þjónustu- og samskiptasviðs, og Þórhallur Hákonarson fjármálastjóri sækja fund.

Til fundarins hafði verið boðað með lögformlegum hætti í samræmi við starfsreglur stjórnar og er því fundurinn ákvörðunar- og ályktunarbær.

Tekið fyrir

1. Upplýsingabeiðni Samkeppniseftirlitsins vegna kæru ÍGF

Haraldur Flosi Tryggvason Klein og Dóra Sif Tynes, lögmenn, taka sæti á fundinum undir þessum lið. Gestir kynna minnisblað um upplýsingabeiðni Samkeppniseftirlitsins vegna kæru Íslenska gámafélagsins (ÍGF) á hendur sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu vegna útboðsskilmála sorphirðu. Upplýsingabeiðninni verður svarað eigi síðar en 19. nóvember nk., þegar frestur til svara rennur út.

2. Minnisblað um stöðu dómsmáls ÍGF gegn SORPU

Haraldur Flosi Tryggvason Klein gerir grein fyrir minnisblaði um stöðu dómsmáls ÍGF á hendur SORPU bs. vegna útboðs árið 2023 á blönduðum úrgangi til orkuvinnslu.

3. Undirbúningsfélag fyrir hátæknibrennslu á Íslandi

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir stöðu stofnunar undirbúningsfélags um hátæknibrennslu á Íslandi. Málið verður lagt fram til afgreiðslu á næsta fundi stjórnar.

4. Níu mánaða uppgjör SORPU bs.

Fjármálastjóri gerir grein fyrir níu mánaða óendurskoðuðu árshlutauppgjöri SORPU bs.

5. Endurvinnslustöð við Glaðheima

Framkvæmdastjóri og sviðsstjóri þjónustu- og samskiptasviðs gera grein fyrir tillögu að stærð og hugmyndir að útliti endurvinnslustöðvar við Glaðheima.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að kynna stöðu málsins fyrir Kópavogsbæ og halda áfram viðræðum um úthlutun lóðar fyrir endurvinnslustöð við Glaðheima.

6. Hagræðingaraðgerðir í rekstri endurvinnslustöðva

Fjármálastjóri og sviðsstjóri þjónustu- og samskiptasviðs gera grein fyrir minnisblaði um hagræðingaraðgerðir í rekstri endurvinnslustöðva.

Stjórn vísar málinu til afgreiðslu á næsta fundi.

7. Önnur mál og frágangur fundargerðar

Stefnuráð fundaði föstudaginn 7. nóvember sl. og ræddi fyrirhugaða uppskiptingu SORPU á grundvelli ákvörðunar ESA.

Næsti fundur

Næsti fundur er boðaður miðvikudaginn 10. desember klukkan 18:00.

Fleira var ekki gert og fundi slitið 09:30.